



LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS  
(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

Reykjavík 21.11.2018

Efni: Frumvarp til lyfjalaga - lagabreyting sem gefur ljósmæðrum leyfi til ávísunar ákveðinna lyfja og hjálpertækja.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til lyfjalaga. Í XI kafla frumvarpsins er í 43. grein fjallað um heimild til að ávísa lyfjum. Þar segir: „*Þeim einum sem hafa gild starfsleyfi sem læknar eða tannlæknar á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um heilbrigðisstarfsmenn, eða gild starfsleyfi sem dýralæknar hér á landi sbr. Lög um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr er heimilt að ávísa lyfjum*“.

Í sama kafla er í 48 grein fjallað um að ráðherra skuli í reglugerð kveða nánar á um heimildir tannlækna, dýralækna og lækna til að ávísa lyfjum.

Á undanförunum áratugum hefur það margsinnis komið til tals að rýmka lyfjalöggjöfina í átt að því sem víða þekktist erlendis þannig að ljósmæður geti ávísað ákveðnum lyfjum, svo sem getnaðarvörnum og þeim lyfjum sem þær þurfa öryggis vegna að hafa við fæðingar í heimahúsi.

Ljósmæður eru í lykilaðstöðu þegar kemur að því að sinna kvenheilsu og forvörnum, þær eru starfandi á nær öllum heilsugæslustöðvum um allt land og þær hitta allar konur í barneignarferli, sinna þeim lengi og kynnast þeim vel.

Ljósmæður eru stétt með sex ára háskólanám að baki og þar sem þær eru starfandi innan grunnþjónustunnar er eðlilegt að þær sjái um ávísun getnaðarvarna til heilbrigðra kvenna sem þess óska. Aðgengi að ljósmæðrum er gott og það kostar komugjald á heilsugæslu að hitta ljósmóður á móti sérfræðingsgjaldi fyrir viðtal og skoðun hjá sérfræðingi í fæðinga- og kvensjúkdómafræði. Það er einnig umhugsunarvert hvort að hraustar konur sem vilja stjórna sínum barneignum þurfi að nota svo hátt þjónustustig sem þjónusta sérfræðings er.

Einnig má benda á að alþjóðlegar heilbrigðisstofnanir á borð við WHO mæla með því að nýta sem best menntun heilbrigðisstétta og það er sérkennilegt að hér á landi þar sem menntun ljósmæðra er með því besta sem gerist í heiminum skuli kraftar þeirra og þekking ekki vera betur nýttir en raun ber vitni.

Erlendis hefur það víða verið við lýði að ljósmæður sinni getnaðarvarnarfræslu og ýmsum forvörnum í ríkara mæli en hér tíðkast. Sem dæmi þá hófu ljósmæður í Bandaríkjunum að sinna getnaðarvarnarfræðslu upp úr 1960 og nokkru síðar fóru þær að sinna heilsufarsskoðunum kvenna í forvarnarskyni eins og skimun fyrir kynsjúkdómum og krabbameini. Í framhaldi af því fengu þær leyfi til að ávísa hormónagetnaðarvörnum sem og sýkla- og veirulyfjum til meðhöndlunar á kynsjúkdómum. Til þess þurftu ljósmæður að taka námskeið til að læra sérhæfða



# LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

(The Icelandic Midwives' Association)  
Stofnað árið 1919

lyfjafræði (Bager, 2005). Síðar fóru ljósmæður að veita konum á breytingarskeiðinu fræðslu og ráðgjöf.

Ljósmæður í Svíþjóð starfa í dag við almenn ljósmæðrastörf (mæðravernd, fæðingar og sængurlegu) en jafnframt sinna þær að miklu leyti kynheilsu kvenna (Socialstyrelsen, 2006). Þær fengu leyfi árið 1980 til að ávísa getnaðarvörnum en til þess þurftu þær að sækja sérstakt námskeið. Síðar fóru ljósmæður að starfa meira við forvarnir svo sem fyrirbyggingu kynsjúkdóma og krabbameinsleit ásamt því að veita ráðgjöf varðandi kynheilsu til kvenna á öllum aldri. Menntun ljósmæðra í Svíþjóð tekur nú mið af þessum störfum (Höjeberg, 2001).

Í Hollandi fengu ljósmæður leyfi 2014, til að skrifa upp á hormónagetnaðarvarnarpillu sem og hormóna- og koparlykkju. Til að fá leyfi fyrir þessu þurfa ljósmæður að taka sérstakt vefnámskeið.

Sambærilegar breytingar hafa t.d. átt sér stað í Noregi, Bretlandi og fleiri löndum Evrópu.

Vorið 2012, lagði velferðarráðherra fram frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum og lögum um landlækni og lýðheilsu (ávísanaheimild) sem snéri að leyfisveitingu ljósmæðra og hjúkrunarfræðinga til að skrifa upp á hormónagetnaðarvarnir (Þingskjal 1046-652). Ljósmæðrafélagið hefur um árabil átt í samtali við Embætti landlæknis og Velferðarráðuneyti varðandi þetta mál.

Þau lyf og hjálpartæki sem ljósmæður þurfa að geta ávísað.

- Hormónagetnaðarvarnir til heilbrigðra kvenna
- Lyf til notkunar við heimafræðingar
- Lyf við sýkingum í brjóstum samfara brjóstagjöf
- Ýmis hjálpartæki sem tengjast t.d. konum með sykursýki á meðgöngu o.fl.

Það er tillaga og ósk Ljósmæðrafélags Íslands að það sé mikilvægt að þessar greinar nr. 43 og nr. 48 í frumvarpi þessu til lyfjalaga taki einnig til ljósmæðra og vísuð við til rökstuðnings okkar hér að framan.

F.h. Ljósmæðrafélags Íslands  
Áslaug Valsdóttir, formaður.